

SKRÁ

262

um ný samvinnufélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1947.

1. Byggingarsamvinnufélag Siglufjarðar, Siglufirði.
2. Samvinnufélagið Vörubílastöð Keflavíkur.
3. Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana, Reykjavík.
4. Byggingarsamvinnufélag Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Reykjavík.
5. Byggingarsamvinnufélag póstmanna í Reykjavík.
6. Bifreiðastöð Grundarfjarðar, Grafarnesi við Grundarfjörð.
7. Byggingarsamvinnufélag Ólafsvíkur, Ólafsvík.
8. Byggingarsamvinnufélagið Bjarg, Vestmannaeyjum.
9. Byggingarsamvinnufélag ökumanna, Reykjavík.
10. Byggingarsamvinnufélag lögreglumanna í Reykjavík, Reykjavík.
11. Byggingarsamvinnufélagið Árroði, Reykjavík.
12. Byggingarsamvinnufélag Hafnarkauptúns, Höfn, Hornafirði.
13. Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra, Reykjavík.
14. Byggingarsamvinnufélag Seyðisfjarðar, Seyðisfirði.
15. Byggingarsamvinnufélagið Borg, Grafarnesi, Eyrarsveit.
16. Byggingarsamvinnufélag Ísafjarðar, Ísafirði.

FIRMATILKYNNINGAR

263

Samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúrumboð, hafa eftirfarandi tilkynningar verið birtar í Lögbirtingablaðinu 1947:

I. Reykjavík.

1. Á aðalfundi Hrímfaxa h/f, sem haldinn var 16. þ. m., var gerð svo hljóðandi ályktun: „Flytja skal heimili og varnarþing h/f Hrímfaxa frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, og skal félagið eiga heimili og varnarþing í Hafnarfirði frá 1. jan. næst komandi að telja.“ Í samræmi við þessa ályktun leyfum vér oss að æskja þess, að þér, herra firmaskrárritari, hlutist til um, að heimili og varnarþing félagsins sé flutt til Hafnarfjarðar, en stríkist út af hlutfélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 21. nóvember 1946.
Garðar Þorsteinsson.
Kr. Bergsson.
Gústav A. Jónasson.

2. Hér með tilkynnist, að ég meðundirritaður Hjörtur Jónsson, Leifsgötu 13, hef

gengið inn í firmað „Verzlunin Olympia“ hér í bænum. Fyrirtækið rekur við undirritaðir með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor okkar um sig hefur rétt til að skuldbinda firmað, og ritum við það þannig:

Verzlunin Olympia.
Hjörtur Jónsson.
Verzlunin Olympia.
Jón Hjartarson.
Reykjavík, 28. nóv. 1946.
Hjörtur Jónsson.
Jón Hjartarson.

3. Eg undirritaður lýsi því yfir hér með, að ég hef hætt rekstri Sælgetisgerðarinnar Opal frá 1. janúar 1946 að telja. Óskast því ofanskráð firma afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 21. des. 1946.
Jón Guðlaugsson,
Miklubraut 30.